

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Mjólkurfræðingafélags Íslands**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

Allir kjarasamningar aðila þ.m.t. sérkjarasamningar framlengjast til 28. febrúar 2015 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast.

**2. gr.**

**Kaupliðir**

Almenn launahækkun

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 39.500.

Eingreiðsla

Í stað launabreytingar frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

**3. gr.**

**Samningsforsendur**

Samningur þessi byggir á sömu forsendum og kjarasamningur SA og ASÍ frá 21. desember 2013, (aðfararsamningur, efnahagsumgjörð og viðræðuáætlun).

Samningi þessum fylgir sérstök bókun um endurskoðun kjarasamnings aðila og á launatöflu hans vegna ágreinings sem verið hefur milli aðila.

**4. gr.**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynnt eigi síðar en 7. mars 2014.

Reykjavík, 24. febrúar 2014

F.h. Mjólkurfræðingafélags Íslands

Martín B. Jónsson  
Guðni Jón Þorgeirsson  
Eiríkur Jónsson  
Kristján Einarsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón R. Pálsson  
Kris - Björgvinna  
Bjarni R. Þorgeirsson

## Bókun

SA og MFFÍ munu á samningstímabilinu endurskoða einstakar greinar í kjarasamningi aðila með það að markmiði að skýra ákvæði eða bókanir sem ágreiningur hefur verið um. Markmiðið er að úrelt ákvæði eða bókanir falli niður og samningurinn verði einfaldaður og gerður skýrari í samræmi við vinnu í mjólkuriðnaði.

Jafnhliða munu aðilar endurskoða launatöflu mjólkurfræðinga þannig að úr ágreiningi um menntunarálag í mjólkuriðnaði verði leyst til framtíðar.

Þessi vinna hefst strax við gildistöku kjarasamnings aðila og henni verði lokið eigi síðar en 1. október 2014.

MBS  
COM

MF  
Bj

OKP  
AB  
B/B

**Mjólkurfræðingur, skemmra nám**

	<b>Mán.laun 1.2.2014</b>
Byrjunarlaun	265.408
Eftir 1 ár	269.381
Eftir 3 ár	273.455
Eftir 5 ár	277.788
Eftir 7 ár	282.992

**Mjólkurfræðingur, lengra nám**

	<b>Mán.laun 1.2.2014</b>
Byrjunarlaun	298.189
Eftir 1 ár	302.966
Eftir 3 ár	307.865
Eftir 5 ár	313.051
Eftir 7 ár	318.975

JEP  
TB  
BRB

MBJ kl  
GAM 10/1